

2017

Vefstefna Kópavogsbæjar

The screenshot shows the homepage of the Kópavogsbær website. At the top left is the city logo and the name "Kópavogsbær". To the right, it displays "Þjónustuver 441 0000" and "Opnunar- og símatímar" with a Facebook icon. Further right are links for "NETSPJALL", "ÍSL", and a plus sign icon. Below this is a navigation bar with five categories: "ÍBÚAR" (with a photo of people), "STJÓRNSÝSLA" (with a photo of a green archway), "MANNLÍF" (with a "SOVEREIGNTY COLON" logo), and "ÍBÚAGÁTT" (with a photo of a city at night). Below the navigation bar is a search bar with the placeholder "Hverju leitar þú að?" and a "Leita" button. To the right of the search bar is a dropdown menu labeled "Skoða helstu málaflokka". Below the search bar is a row of eight service icons: "Laus störf" (person with bag), "Lausar lóðir" (house), "Kortavefur" (location pin), "Starfsfólk" (group of people), "Fundargerðir" (document), "Gjaldskrár" (folder), "Umsóknir" (document with checkmark), and "Ábendingar" (envelope). At the bottom are three promotional banners: "KÓPAVOGUR FLOKKAR" (Plast og pappír í bláu tunnuna) with a "Sorphirða" button, "OKKAR KÓPAVOGUR" with an "Íbúalýðræði" button, and "Skipulag í kynningu" with a "Skipulagsmál" button.

Kópavogsbær

9/27/2017

Útgáfa 2

Efnisyfirlit

Vefstefna Kópavogsbæjar	2
Tilgangur, markmið og umfang:	2
Vefur og vefsvæði.....	2
Tungumál og áreiðanleiki	3
Skipulag, útlit og innihald	3
Tækni	4
Ábyrgð	4
Þróun vefsins	5
Innihald og uppsetning vefsins.....	6
Markmið vefsins	6
Markhópar vefsins.....	6
Forsíðan	7
Innihald á vefnum og einstakar síður	7
Veftré.....	7
Myndbirtingar á vefnum	7
Leitin.....	7

Vefstefna Kópavogsbæjar

Tilgangur, markmið og umfang:

Gildi vefsins eru þjónusta og upplýsingar. Þessi gildi skulu höfð að leiðarljósi við allar ákvarðanir er tengjast vefmálum, bæði við dagleg störf og stærri ákvarðanatökur.

Markmið vefstefnu Kópavogsbæjar er að búa til ramma, verklagsreglur og staðla um ytri vefinn og umhverfi hans, til að hámarka gæði vefsins og geta þar með boðið upp á öflugan upplýsinga- og þjónustuvef sem einkennist af þekkingu, ábyrgð og metnaði.

Vefstefnan á að stuðla að því að skapa heildstæða notendaupplifun fyrir þá sem þurfa á þjónustu Kópavogsbæjar að halda með samræmdu útliti, umgjörð og innihaldi.

Vefstefnan verður þannig leiðarljós í utanumhaldi vefsins, upplýsingahönnun, ritun texta, framleiðslu og innsetningu myndefnis og aðstoðar við forgangsörðun um hvernig vefurinn þjóni best sínu hlutverki til miðlunar upplýsinga og bættrar þjónustu fyrir íbúa bæjarfélagsins.

Vefstefna þessi gildir um aðalvef bæjarfélagsins www.kopavogur.is

Um aðra stofnanavefi má finna vefstefnu sérvefa Kópavogsbæjar.

Vefur og vefsvæði

Vefurinn www.kopavogur.is er hluti af ímynd bæjarins og andlit bæjarfélagsins út á við og því afar mikilvægt að vera ávallt að huga að framþróun á nauðsynlegum breytingum til að vera í takt við þann tíðaranda sem ríkir hverju sinni.

Á vef bæjarins á notandinn að geta nálgast upplýsingar um alla helstu málaflokka á vegum bæjarins sem og þá þjónustu sem bæjarfélagið býður upp á.

Tæknilegur eigandi vefsins er UT deild. Ekki er hægt að breyta skipulagi vefsins, stofna nýjar undirsíður eða vefsvæði undir www.kopavogur.is nema með skriflegu samþykki UT deild.

Öll vefsvæði bæjarins skulu uppfylla skilyrði um útlit, hönnun og veftré sem UT deild setur fram.

Ritstjóri vefsins ber fulla ábyrgð á innihaldi og framsetningu texta á vefnum. Ritstjórinn ásamt ábyrgðarmönnum efnis vinnur að því að skrifa texta, uppfæra efni og breyta texta eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Ritstjóri ber ábyrgð á reglu um uppsetningu texta á vefnum.

Yfirmaður hvers málaflokks ábyrgð á að efni á vefsvæðinu sé rétt og yfirfarið, eða tilnefnið ábyrgðarmann efnis fyrir sína hönd. Allir þjónustuflokkar á vefnum verða með skilgreindan ábyrgðarmann. Ábyrgðarmaður efnis ber ábyrgð á daglegri umsýslu efnis á vefsvæðinu, uppfærir þær upplýsingar sem þarf hverju sinni, uppfærir umsóknir og eyðublöð eða annað sem viðkomur hans málaflokki.

Tungumál og áreiðanleiki

Íslenska er opinbert mál á vef Kópavogsbæjar og allar upplýsingar á vefsvæðum á að setja fram á hnitmiðaðaðan hátt og vanda skal málfar. Málfar vefsins skal miða við almennan lesanda og forða skal sérhæft málfar og tæknilega, lagalega eða stjórnsýslulega orðanotkun eins og kostur er.

Ensk útgáfa skal vera til staðar fyrir mikilvægustu starfseminna og auðvelt að sjá hvaða texti er til á öðru tungumáli en íslensku. Önnur tungumál skulu notuð sé notkun þeirra til þess ætluð að ná til ákveðinna markhópa.

Samræmi skal vera í öllum upplýsingum á vef bæjarins. Upplýsingar um sama efni mega ekki stangast á og tengja skal á milli síðna frekar en að margskrá sömu upplýsingarnar. Ábyrgðarmenn efnis skulu gæta þess að uppfæra upplýsingar ef þær eiga heima á fleiri en einum stað á vefnum. Stöðugt verður að huga að gæðastarfi til að efla og bæta vefinn og gagnsemi hans fyrir notendur.

Skipulag, útlit og innihald

Vefur bæjarins samanstendur af www.kopavogur.is og undirvefsvæðum. Sjá nánar í veftré hvaða málaflokkar tilheyra aðalvefsvæðinu. Ákveðinn hluti stofnana Kópavogsbæjar hafa eigin vefi og gilda sérreglur um stofnanvefi Kópavogsbæjar (sjá vefstefnu sérvefa Kópavogsbæjar).

UT deild skipuleggur og ber ábyrgð á veftré vefsins. Veftré allra deilda og málaflokka skal vera samræmt til að auðvela notendum leit að upplýsingum. Ábyrgðarmenn einstakra vefsvæða er þó heimilt að óska eftir að ákveðnir flokkar verði ekki birtir á vefsvæðinu ef þeir eru ekki gagnlegir þar. Ábyrgðarmenn mega einnig bæta við flokkum þegar dýpra er komið á vefnum.

Huga þarf vel að því þegar nýjar undirsíður/nýir flokkar eru settir inn á vefinn. Ekki má nota séríslenska bókstafi eða tákni þegar ný undirsíða er búin til á vefsvæðinu. Skjal sem sett er inn á vefinn og skal vera aðgengilegt notenda skal ekki bera séríslenska bókstarfi eða tákni. Hver síða skal hafa fyrirsögn sem er í samræmi við heiti síðunnar.

Útlit vefs Kópavogsbæjar og þar með talið einstakra svæða hans skal mynda eina heild og vera í samræmi við hönnunarstaðla bæjarins. Merki bæjarins skal vera sýnilegt efst í vinstra horni á öllum vefsíðum og vera tengill sem færir notanda á www.kopavogur.is – Notandinn skal ávallt komast á forsíðuna með því að smella á merki bæjarins. Tryggt skal að uppsetning og notkun merkisins sé samkvæmt hönnunarstaðli og reglugerð um merki Kópavogsbæjar.

Letur og stærð eru samkvæmt stílsniðum moya vefumsjónarkerfsins og skulu notendur nota þá stöðluðum leturgerð sem finna má í ritli vefumsjónarkerfisins. Lágmarksstærð texta eru 10 punkta letur. Myndir skulu ekki hafa meiri upplausn en 72 px (skjápunkta á tommu). Í stöðluðu útliti vefs Kópavogsbæjar er hámarksbreidd á myndum 420 px. Myndir í vinstri dálki og með fréttum eru 150 * 150 px. Nafn bæjarins og deildar, staðsetning og sími og aðrar gagnlegar aðgengisupplýsingar þurfa að koma fram neðst á hverri vefsíðu. Hlutverk málaflokks/stofnunar skal koma fram á vefsvæðinu.

Að öðru leyti eru útliti ekki settar sérstakar skorður, enda er reiknað með að þættir sem varða útlit séu endurmetnir reglulega. UT deild sker úr um vafatriði um þessi og önnur skipulags- og útlitsatriði, ef upp koma.

Vefur Kópavogsbæjar á að vera aðgengilegur öllum með áherslu á þarfir blindra, sjónskertra og annarra sem eiga við fötlun að stríða.

Tækni

Allir undirvefir og stofnanir Kópavogsbæjar verða að fylgja vefstefnu og verklagsreglum um vefi Kópavogsbæjar.

Allir vefir sem innihalda **kopavogur.is** í sínu léni þurfa að fara eftir vefstefnu og verklagsreglum um vefi Kópavogsbæjar.

Óheimilt er að sækja um lén eða opna vefsvæði sem inniheldur nafnið Kópavogur nema með samþykki UT deildar.

Nöfn á lénum fyrir stofnanir og nýja undirvefi skal hafa eins skýr og gagnsæ og auðið er. Þau bera ávallt að ákveða í samráði við UT deild.

Hver sér/undirvefur skal hafa sérstakan vefstjóra/ábyrgðarmann vefs sem ber ábyrgð á sínum hluta vefsins í samráði við UT deild.

Vefumsjónarkerfi sem notað er á hverjum tíma er samkvæmt ákvörðun UT deildar. Viðbætur og breytingar eru unnar af UT deild í samráði við þá sem málið varðar.

Allar upplýsingar eiga að birtast fljótt og skýrt í öllum algengustu gerðum vafra (Internet Explorer, Google Chrome, Mozilla Firefox, Safari, Opera) og stýrikerfum (Windows, MacOSX og Linux). Óheimilt er að setja þá tegund efnis á vefinn sem ekki er aðgengileg í helstu vöfrum og stýrikerfum án sérstakra viðbóta. UT deild getur veitt heimild til undanþágu á þessu ef raunveruleg þörf á slíku er fyrir hendi sem ekki veruður leyst með venjulegum myndum og HTML/CSS kóða.

Vefurinn skal vera í samræmi við vefstaðla W3C. Til staðfestingar skal bera vef Kópavogsbæjar saman við <http://validator.w3.org>

Vefurinn á að vera aðgengilegur í öllum helstu tækjum, snjallsímum og spjaldtölvum og skal fylgja tækniþróun á hverjum tíma.

Ábyrgð

UT deild hefur yfirumsjón með vef og einstökum vefsvæðum Kópavogsbæjar, ákveður vefumsjónarkerfi, skipuleggur og ber ábyrgð á veftré og hefur í samvinnu við ritstjóra vefsins eftirlit með að vefstefnu sé framfylgt. UT deild ber ábyrgð á að þróa verklagsreglur og vefstefnu í samræmi við tækniþróun og umhverfumhverfi og kynna fyrir ábyrgðarmönnum einstakra vefsvæða.

UT deild ber ábyrgð á rekstri vefumsjónarkerfis í samvinnu við hýsingaraðila sé vefurinn hýstur utan húss eða í samvinnu við kerfisstjóra Kópavogsbæjar sé hann hýstur innan UT deildar Kópavogsbæjar. UT deild ber jafnframt ábyrgð á að tryggja að öryggi vefa Kópavogsbæjar og fylgja gildandi gæðastefnu bæjarfélagsins.

UT deild ber ábyrgð á að veita þeim sem vinna efni á vefinn aðgang að viðkomandi vefsvæðum. Ef aðgangur er ekki notaður, skal UT deild loka honum.

UT deild getur minnkað aðgang tiltekinna starfsmanna telji hann öryggi eða umhverfi vefsins ógnað. Þetta getur verið vegna síendurtekinna tilfella þar sem starfsmaður eyðir út/breytir veftréi/útliti á

vefnum, eða almennrar vankunnáttu og starfsmaður neitar að mæta í kennslu/þjálfun á vefumsjónarkerfinu.

Ritstjóri vefsins ber efnislega ábyrgð á vefnum, auk fréttu og upplýsingum um viðburði á forsiðu. Í því felst að skrifa og birta fréttir og upplýsingar um viðburði á vegum bæjarins almennt, auk þess að velja úr og birta fréttir og upplýsingar um viðburði einstakra deilda. Það er á ábyrgð ritstjórans að kalla eftir fréttum frá einstökum deildum ef að ábyrgðarmenn efnis hverrar deildar sjá ekki um að senda inn fréttir og tilkynningar.

Ábyrgðarmaður efnis hvers málaflokks ber efnislega ábyrgð á sínu svæði vefsins. Honum ber skylda til að fara eftir þessari verklagsreglu og vinnur í samráði við UT deild og ritstjóra, einnig þegar um vafatriði er að ræða. Hver málaflokkur ber ábyrgð á birtingu fréttu og upplýsinga um viðburði, sem og innsetningu eyðublaða, umsókna og reglugerða sem tengjast málaflokknum.

Hver starfsmaður sem fær það hlutverk að setja efni inn á vefinn þarf að afla sér lágmarkspækkingar á vefumsjónarkerfinu og ber UT deild ábyrgð á því að þjálfa nýja notendur/eða kalla til sérfræðinga til þess, þannig að starfsmenn geta unnið við vefumsjónarkerfið. Þessir starfsmenn þurfa þó alltaf að vera skilgreindir af yfirmanni deilda, og upplýsingar um nýja ábyrgðarmenn efnis að vera kynntir bæði UT deild og ritstjóra.

Starfsmenn sem fá það hlutverk að setja efni á vefinn og ber að tileinka sér fagleg og vönduð vinnubrögð.

Stofni starfsmaður samskiptavef vegna viðburðar eða stofnunar bæjarins er efnið á ábyrgð starfsmannsins.

Þróun vefsins

Til að tryggja framgang og þróun innan vefsins, skal skipa Þróunarráð sem ber ábyrgð á þróun vefmála. Þróunarráð skipa fulltrúar helstu sviða og deilda. Gert er ráð fyrir 7 manna þróunarráð vefsins. Þróunarráðið kemur saman reglulega, a.m.k. ársfjórðungslega og fer yfir stöðu mála og tekur allar stærri ákvarðanir varðandi þróun á vefnum. Milli funda þróunarráðs verður verkefnahópur að störfum en hann samanstendur af þremur starfsmönnum UT deildar. Verkefnahópur tekur ákvörðun um að gera nauðsynlegar breytingar á vefnum í samræmi við ákvörðun þróunarráðs.

Innihald og uppsetning vefsins

Markmið vefsins

Markmið vefs Kópavogsbæjar er:

- ✓ Að vera alhliða upplýsingaveita um bæjarfélagið, þjónustu og starfsemi.
- ✓ Að bjóða upp á notendavæna og góða rafræna þjónustu á vefnum sem einkennist af faglegum upplýsingum, þekkingu, ábyrgð og metnaði.
- ✓ Að sem flestir markhópar geti notið þjónustu bæjarfélagsins sem mest rafrænum hætti á vefnum.
- ✓ Að hann sé snjallsímavænn.
- ✓ Að fækka innhringingum og heimsóknnum í þjónustuverið.
- ✓ Að allar upplýsingar séu ævinlega uppfærðar og réttar og lögð áhersla á vandað upplýsingaflæði.

Markhópar vefsins

Bæjarbúar Kópavogsbæjar

- Fjölskyldufólk
- Einstaklingar
- Börn og unglingar (foreldrar þessa hóps)
- Aldraðir
- Fatlaðir
- Íbúar af erlendum uppruna
- Nýir Kópavogsbúar

Fyrirtæki

- Verktakar

Fjölmiðlar

Kjörnir fulltrúar

Starfsmenn

Ferðamenn

Forsíðan

Á forsíðu vefsins skal vera beint aðgengi á helstu þjónustuliðum/þjónustupáttum Kópavogsbæjar. Þessir flokkar skulu vera fyrirfram skilgreindir og einungis vera þeir þættir sem mest eru notaðir hverju sinni. Sjá skilgreiningu á tenglum á forsíðu í veftréi.

Til viðmiðunar skal taka skýrslu mánaðarlega úr Google Analytics til að fylgjast notkun á vefnum og miða skal við að hafa ekki tengil/þjónustulið ef færri en 2% notenda smella á hann á forsíðu.

Gæta skal samræmis á milli sviða hvað varðar pláss á forsíðu en taka skal þó tillit til þeirra sviða sem eru að bjóða fram þjónustu sem er fjölsóttust og flestir notendur þurfa á að halda. UT deild sker úr um ef upp kemur ágreiningur um efni á forsíðu/flýtleiðir.

Til þess að helstu aðgerðir séu ávallt í samræmi við þarfir markhópa er mikilvægt að fara reglulega í gegnum og greina helstu aðgerðir notendahópa vefsins. Það skal gert samhliða því að vefstefna er endurskoðuð.

Á forsíðunni eiga að koma inn nýjar fréttir a.m.k vikulega.

Innihald á vefnum og einstakar síður

Á vefnum og einstökum svæðum bæjarins skulu ekki vera aðrar fréttir og tilkynningar en þær sem varða eða tengjast Kópavogsbæ. Ritstjóri vefsins sker úr um vafatatriði um þessi og önnur efnisatriði ef upp koma. Ritstjóri getur komið fram með athugasemdir á framsetningu á efni og innihaldi á einstökum síðum og breytt þeim séu þær ekki í samræmi við gildandi vefstefnu og verklagsreglur.

Veftré

Veftré eða uppbygging vefsins er skilgreint hér ([sjá fylgiskjal](#)).

Myndbirtingar á vefnum

[Hér](#) má finna stefnu Kópavogsbæjar um viðmið um myndbirtingar á heimasíðum grunn- og leikskóla. Taka skal tillit til þessarar stefnu um myndbirtingar á öllum vefum Kópavogsbæjar og samfélagsmiðlum þegar um börn og ungmenni undir 18 ára er að ræða.

Leitin

Á vef Kópavogsbæjar er ritstýrð leit sem þýðir að hver einasta tillaga sem flýtleitin birtir hefur verið skráð sérstaklega til að skila sem gagnlegustum niðurstöðum.

Ef engar tillögur sem búið er að skilgreina fyrirfram finnast (eða ef engin tillagnanna á við) virkar leitarreiturrinn eins og í hefðbundinni leit. UT deild ber ábyrgð á að uppfæra ný leitarorð í leitarvélina í samvinnu við starfsmenn þjónustuvers.

Vefstefnu þessa skal rýna árlega af UT deild og þróunarráði vefsins.

Vefstefna þessi var samþykkt á fundi verkefnastjórnar vefmál 27.09.2017.